# STEFNUYFIRLÝSING KVENNAHREYFINGARINNAR

## Reykjavík 5. maí 2018

Undanfarnar samfélagslegar byltingar, eins og #metoo, #höfumhátt og #karlmennskan, hafa sýnt að það er knýjandi þörf á að umturna íslenskri samfélagsgerð. Áframhaldandi ofbeldi gegn konum, börnum, fötluðu fólki, innflytjendum, hinsegin fólki og öðrum jaðarhópum á ekki að líðast í nokkurri einustu mynd.

Undangengnar alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningarnar nú bera þess hins vegar vitni að þau stjórnmálaöfl sem fyrir eru ætla sér ekki að setja þessi mál í forgang, jafnvel ekki þeir flokkar sem hvað helst hafa talað máli kvenréttinda á undanförnum árum. Það er því aðeins eitt í stöðunni - að gera það sjálfar. Það er okkar mat að þolendur hafa beðið nógu lengi. Nú er tími aðgerða og þess vegna erum við hér, Kvennahreyfingin.

Ofbeldis- og nauðgunarmenning er rótgróið samfélagslegt mein sem á sér ótal birtingarmyndir, orsakir og afleiðingar. Rætur meinsins teygja sig til allra átta og eitra jarðveginn sem allt okkar samfélag byggir á. Það er því ljóst að kröftugra aðgerða er þörf, á öllum sviðum, samtímis.

Það þarf að taka utan um þolendur og veita þeim skjól, bæði tilfinningalegt og veraldlegt.
Það þarf að tryggja það að konur geti lifað af launum sínum og séu þannig engum háðar um grundvallarlífsgæði.

Það þarf að tryggja það að konur og störf þeirra njóti virðingar á vinnustað.

Það þarf að vinna gegn skaðlegum hugmyndum um kynin og samskipti þeirra innan skólakerfisins, á vinnustöðum og í frítíma.

Þetta ætlum við að gera og byrjum á Reykjavík.